

Föstudaginn 3. desember 1937.

Nr. 43/1936. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Páli Valdemar Guðmundssyni Kolka,**

**Kjartani Guðmundssyni**

(Sveinbjörn Jónsson)

og

**Kristjáni Egilssyni** (Eggert Claessen).

Ívilnun lánardrottna þrotabús.

*Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 23. okt. 1935:* Ákærðir Páll Valdemar Guðmundsson Kolka og Kjartan Guðmundsson sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi hvor, og skulu þeir sviptir rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærður Kristján Egilsson sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingar hans skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærðir Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson greiði að hálfu hvor málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., 100 kr.

Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun talsmanns síns í málinu, Ástþórs Matthíassonar lögfræðings, 50 krónur.

Allan annan kostnað málsins greiði ákærðir allir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir verið haldin framhaldsréttarrannsókn í máli þessu, og hafa hinir ákærðu Páll Kolka og Kjartan Guðmundsson verið yfirheyrðir. Hefir ákærður Páll Kolka nú

viljað taka aftur játningu þá, er hann við hina upphaflegu réttarrannsókn gerði um það, að hann hefði þann 31. júlí 1931 talið h/f Frey insolvent og gjaldþrot félags þessa yfirvofandi. Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir einnig viljað taka aftur játningu sína um, að honum þann 31. júlí 1931 hafi verið það ljóst, að h/f Frey væri þá insolvent. Kveða hinir ákærðu téðar játningar á misminni og misskilningi byggðar. Segja þeir nú, að þeir hafi fyrst eftir áramótin 1931—1932 verið farnir að álita h/f Frey insolvent, og að gjaldþrot þess væri yfirvofandi, en augljóst hafi ástand hlutafélagsins verið orðið í marz-mánuði 1932. Vísa hinir ákærðu til þess, að í júlí 1931 hafi menn ekki vitað um verðhrun það á fiski, sem síðar varð á árinu, enda hafi atvinnurekstur h/f Freys verið í fullum gangi í júlí 1931 og talinn ábatavænlegur. Veðsetningin á fiskþurrkunarhúsi h/f Freys til firmans Kjartans Guðmundssonar & Co þann 4. október 1931 gerðist fyrst þeirra athafna, sem ákærðu eru gefnar að sök í máli þessu. Liggur þannig fyrst fyrir til athugunar, hvernig hagur h/f Freys hafi verið í öndverðum október 1931 og hvernig afkoma og afkomumöguleikar hlutafélags þessa hafi þá komið hinum ákærðu stjórnarnefndarmönnum þess fyrir sjónir. Við rannsókn þessara atriða verða játningar hinna ákærðu um fjárhag hlutafélagsins 31. júlí 1931, eins og þeim er háttað, ekki þyngstar á metunum, heldur önnur þau sönnunargögn, sem fram hafa komið við rannsókn málsins.

Efnahagsreikningur h/f Freys pr.  $3\frac{1}{2}$  1930 er dagsettur þann 16. nóvember 1931 og lagður fram á hluthafafundi þann 21. s. m. Þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins hefir borið það sem vitni í málinu, að efnahagsreikningur þessi hafi

verið gerður seint um sumarið 1931. Kemur þessi framburður heim við það, að á hluthafafundi þann 4. október 1931 er bókað í gerðabók hlutafélagsins, að fundurinn feli stjórn félagsins að ráða endurskoðendur til endurskoðunar á reikningum hlutafélagsins fyrir árið 1930. Samkvæmt þessu verður að ætla, að téður efnahagsreikningur hafi verið gerður fyrir 4. október 1931, og þrátt fyrir neitun hinna ákærðu verður að ganga út frá því sem vísu, að þeir hafi fylgzt svo vel með rekstri hlutafélagsins, að þeir í byrjun október hafi vitað um niðurstöðutölur efnahagsreiknings þessa. Með því að gengið er frá efnahagsreikningnum fyrir 1930 á þeim tíma, er meta mátti afkomu þess árs í ljósi síðari atburða fram til reikningsgerðarinnar, þá verður reikningurinn mikilvægt sönnunargagn í þessu sambandi. Samkvæmt efnahagsreikningnum eru eignir félagsins taldar kr. 222937,49, en skuldir að hlutafé meðtöldu kr. 337696.06, og eru skuldir þannig umfram eignir kr. 114758.57, eða kr. 50758.57, ef hlutafé er ekki talið meðal skulda. Eignamatið á reikningnum verður að telja nógu hátt. Að vísu verður að telja mat á þerrireit hlutafélagsins of lágt, en þar á móti kemur til jöfnunar, að útistandandi skuldir hlutafélagsins eru taldar með nafnverði. Fiskbirgðir félagsins eru taldar kr. 57812.03, og þykir mega gera ráð fyrir, að við færslu þessa hafi verið tekið tillit til raunverulegs söluverðs fisksins. Í ársbyrjun 1931 töldu menn yfirleitt góðar horfur um sölu fisks, enda var verðið sæmilegt fyrri hluta ársins, en þegar kom fram á seinni hluta ársins, tók fiskverðið að falla, og í september var almennt farið að láta fisk í umboðssölu til Spánar, og komst verðið þá niður í 55—60 krónur skippundið. Þann 20. september var Englandsbanki

undanþeginn skyldu til gullinnlausnar, og féll þá sterlingspundið um 20%. Þá var og síðast í september settur 15% verðtollur á innfluttan fisk í Ítalíu. Urðu þessir atburðir til þess að draga úr söluhorfum fisks. Fyrri hluta ársins 1931 hafði h/f Freyr keypt mikið af fiski. Meiri hlutinn af fiski þessum var óseldur þann 1. október 1931, og jafnvel þótt ágóði hafi orðið af rekstri þurrkhúss hlutafélagsins frá 1. janúar til 1. október 1931 og nokkurri sölu fisks upp úr salti fyrra hluta sama árs, eins og ákærðir halda fram, þá hefir tjón hlutafélagsins á þeim fiskbirgðum, sem það átti 1. október, orðið miklu meira, enda eru skuldir hlutafélagsins um fram eignir samkvæmt efnahagsreikningi pr.  $3\frac{1}{2}$  1931, sem færður hefir verið í dagbók, taldar kr. 63106.98, auk hlutafjárins. Við þenna reikning er það þó að athuga, að á honum eru fiskbirgðir taldar kr. 77000.00, en þær seldust einungis á kr. 50938.87. Þetta tap hlutafélagsins á fiskbirgðum ársins 1931 kemur skýrt fram á efnahagsreikningum hlutafélagsins, sem gerðir eru 1932. Samkvæmt efnahagsreikningi, sem dagsettur er 20. marz s. á. og gerður var vegna tilrauna hlutafélagsins til að fá samninga við skuldheimtumenn sína um niðurfærslu skulda, eru skuldir um fram eignir taldar kr. 87966,49, auk hlutafjárins, og samkvæmt efnahagsreikningi, sem skiptaráðanda var sendur með beiðni hlutafélagsins um gjaldþrotaskipti, eru skuldir umfram eignir taldar kr. 96071.19, auk hlutafjárins. En í þessu sambandi ber að geta þess, að fiskverð var öllu hærra á árinu 1932 en síðari hluta ársins 1931, og að h/f Freyr keypti engan fisk á árinu 1932, og var þess vegna ekki um tap á slíkum fiskkaupum að tefla. Af framangreindum ástæðum verður að telja, að verðhrun það á fiski,

sem varð í september 1931, hafi eyðilagt fjárhagsafkomu h/f Freys, sem var mjög veik fyrir, og að ástand hlutafélagsins á árinu 1932 og gjaldþrot þess í janúar 1933 hafi verið afleiðing af téðu verðfalli og í órofnu sambandi við það.

Samkvæmt atriðum þeim, sem talin hafa verið, verður að telja, að hinir ákærðu hafi í byrjun októbermánaðar 1931 hlotið að sjá, að hagur h/f Freys og afkomumöguleikar voru orðnir svo slæmir, að ráðstöfunum vegna hlutafélags þessa yrði að haga með gjaldþrot þess fyrir augum. Koma þá til athugunar verknaðir þeir, sem hinum ákærðu eru að sök gefnir.

1. Svo sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, mæltist ákærður Kjartan Guðmundsson til þess á hluthafafundi þeim, sem haldinn var 4. október 1931, að fiskþurrkunarhús h/f Freys væri veðsett firmanu Kjartan Guðmundsson & Co með II. veðrétti, næst á eftir 15000 króna veðskuld við Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, til tryggingar lánnum, að fjárhæð kr. 30000.00, sem téð firma hafði áður veitt hlutafélaginu. Var þetta samþykkt á hluthafafundinum með atkvæðum allra fundarmanna, nema Kristjáns Egilssonar og eins hluthafa til. Samdægurs gáfu ákærðu Páll Kolka og Kjartan Guðmundsson út veðskuldaþréf samkvæmt fundarsamþykktinni, og varðar þessi verknaður þá refsingu, Kjartan Guðmundsson, sem er meðeigandi firmans Kjartan Guðmundsson & Co, samkvæmt analógíu 262. gr. hegningarlaganna, og ákærða Pál Kolka samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna.

2. Í forsendum hins áfrýjaða dóms er lýst afskiptum hinna ákærðu af vixli þeim, að fjárhæð kr. 1483,81, sem framkvæmdastjóri h/f Freys, Theódór

Jónsson, samþykkti f. h. hlutafélagsins fyrir innieign ákærða Páls Kolka hjá félaginu. Það verður ekki talið, að útgáfa og framlenging vixils þessa séu, eins og á stóð, refsiverðar athafnir, með því að hér er einungis um réttarfarshagræði að ræða til handa kröfuhafanum. Um greiðslu vixils þessa er það upplýst, að útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum fékk andvirði hans af fiskveðum, sem seld höfðu verið bankanum til tryggingar öðrum vixlum. Við greiðslu oftnefnds vixils varð bankinn þannig að sama skapi almennur kröfuhafi í bú hlutafélagsins fyrir öðrum vixilskuldum. Hefir þess vegna engum kröfuhafa verið ívilnað fram yfir annan í sambandi við vixilinn, og ber því að sýkna hina ákærðu af þessu kæruatriði.

3. Á hluthafafundi í h/f Frey þann 21. desember 1931 var ályktun gerð um eftirtöld málefni:

a) Fundarmenn guldu jákvæði sitt við því, að hinir ákærðu höfðu þann 5. s. m. veðsett útibúi Útvegsbankans í Vestmannaeyjum með III. veðrétti þurrkhús hlutafélagsins fyrir 29000 króna skuld, sem áður hafði verið stofnuð. Má fallast á athugasemdir héraðsdómarans um veðsetningu þessa, og þar með, að allir hinir ákærðu hafi með henni orðið brotlegir við 263. gr. hegningarlaganna.

b) Á sama hluthafafundi var samþykkt veðsetning á húseign hlutafélagsins Geirseyri til Óliuverzlun Íslands h/f með II. veðrétti fyrir 10000 króna skuld, en þann 10. febrúar 1931 höfðu allir hinir ákærðu framkvæmt veðsetningu þessa, en öfluðu ekki samkvæðis hluthafafundar til hennar fyrr en nú. Með því að hinir ákærðu stjórnarnefndarmenn voru ekki bærir til að veðsetja fasteignir hlutafélagsins, nema að fengnu leyfi hluthafafundar, þá verður að miða

upphafstíma téðrar veðsetningar við hluthafafundinn 21. desember, en eins og þá var komið högum hlutafélagsins, var það hinum ákærðu saknæmt að afla sér heimildar til veðsetningarinnar, og skiptir engu máli í því efni, þótt ákærðu hefðu áður gagnvart þriðja manni færzt í fang að koma veðsetningunni til leiðar. Hafa allir hinir ákærðu því gerzt brotlegir við 263. gr. hegningarlaganna með athöfn þessari.

c) Loks var á hluthafafundinum 21. desember formlega samþykktur 1. veðréttur í fiskþurrkunarhúsi hlutafélagsins til Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja fyrir 15000 króna skuld, en veðskuldabréf þessa efnis hafði verið gefið út 6. desember 1929. Er þess getið í gerðabók hlutafélagsins, að veðskuldabréf þetta hafi að vísu upphaflega verið gefið út með vitund og vilja hluthafanna, en að sá annmarki hafi orðið á útgáfu þess, að það hafi verið undirritað af framkvæmdarstjóra hlutafélagsins í stað þess, að samkvæmt samþykktum hlutafélagsins beri stjórn félagsins að undirrita slík skjöl að fengnu leyfi hluthafafundar. Rannsókn málsins hefir ekkert beinzt að þessari veðsetningu, og hafa hinir ákærðu ekkert verið um hana spurðir. Að svo vöxnu máli verða hinir ákærðu ekki dæmdir til refsingar fyrir hana í máli þessu.

4. Það er rakið í hinum áfrýjaða dómi, með hverjum hætti hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Páll Kolka þann 19. marz 1932 f. h. hlutafélagsins settu hæstaréttarmálflutningsmanni Garðari Þorsteinssyni að handveði til tryggingar vinnukröfu Rikharðs Sigmundssonar á hendur hlutafélaginu veðskuldabréf, sem Friðfinnur Finnsson hafði gefið út til h/f Freys og tryggt var með II. veðrétti í húseign-

inni nr. 22 við Heimagötu í Vestmannaeyjum. Með því að vinnukrafa þessi var meira en eins árs gömul og þess vegna ekki lengur forgangskrafa samkvæmt 83. gr. skiptalaganna, þá kemur það ekki ákærðu að gagni, þótt bú hlutafélagsins hafi reynt fært um að greiða fargangskröfur. Varðar þessi verknaður hina ákærðu Kjartan Guðmundsson og Pál Kolka þess vegna refsingu samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna. Og ekki skiptir máli um saknæmi þessa verknaðar eða annara athafna, sem ákærðir frömdu um þessar mundir, að sammingsumleitanir voru þá á döfinni við kröfuhafa hlutafélagsins um niðurfærslu skulda þess. Ákærðum ber allt að einu að haga ráðstöfunum sínum vegna hlutafélagsins með gjaldþrot þess fyrir augum.

5. Með skirskotun til þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, ber að sýkna hina ákærðu vegna greiðslna frá h/f Frey til Hermanns Benediktssonar og manna þeirra, er hann hafði umboð fyrir, vegna greiðslna til Björns málfærslumanns Kalman, enn fremur vegna greiðslu þeirrar, sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins, Carl Rosenkjær, innti af hendi af fé hlutafélagsins til útibús Útvegsbankans í Vestmannaeyjum þann 8. júní 1932, svo og loks vegna greiðslna þeirra, sem inntar voru af hendi til Útvegsbankans  $\frac{2}{3}$  1932.

6. Í hinum áfrýjaða dómi er lýst ýtarlega viðskiptum h/f Freys og Guðmundar Björnssonar á Siglufirði, en þau viðskipti leiddu til þess, að útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum tók að sér ábyrgð á og greiddi síðar kr. 7800.00 af dómkröfu, að fjárhæð kr. 14600.00, með vöxtum og kostnaði, sem Guðmundur öðlaðist á hendur hlutafélaginu, gegn því að ákærður Kjartan Guðmundsson þann 20. marz

1932 seldi f. h. firmans Kjartan Guðmundsson & Co útibúi Útvegsbankans að handveði 30000 króna veðskuldabréf það, sem firma þetta hafði fengið í fiskþurrkunarhúsi h/f Freys þann 4. október 1931. Það verður ekki talið saknæmt — að fráskildu því, sem síðar segir um handveðsetningu veðskuldabréfsins — að afla téðrar ábyrgðar útibús Útvegsbankans, því að hagur hlutafélagsins versnaði ekkert við það, þótt útibú Útvegsbankans greiddi Guðmundi Björnsyni kröfu hans og öðlaðist síðan tilsvarendi kröfu á hendur hlutafélaginu. Öðru máli gegnir um handveðsetningu á oftnefndu veðskuldabréfi til útibús Útvegsbankans. Hér var um veðrétt að tefla, sem bú hlutafélagsins hafði möguleika til að heimta til sín aftur frá firmanu Kjartan Guðmundsson & Co, en möguleikum til riftunar á veðrétti þessum var stefnt í hættu með handveðsetningunni til bankans, sbr. 28. gr. laga nr. 25 frá 1929, um gjaldþrotaskipti. Ber þess vegna að refsa ákærða Kjartani Guðmundssyni fyrir verknað þenna eftir 263. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar er ekki sannað, að ákærðir Kristján Egilsson og Páll Kolka hafi átt þátt í því að koma handveðsetningu þessari til leiðar, og ber því að sýkna þá af þessu kæruatriði.

7. Á hluthafafundi, sem haldinn var í h/f Frey þann 16. september 1932, var mættur forstjóri útibús Útvegsbankans í Vestmannaeyjum. Kvaðst hann mundi leggja til við aðalbankastjórnina, að h/f Freyr fengi hjálp bankans til þess að ná samkomulagi við skuldheimtumenn sína, en hlutafélagið hafði farið fram á þetta í bréfi til bankans 30. apríl s. á., ef firma að Kjartan Guðmundsson & Co framseldi bankanum að öllu leyti 30000 króna veðrétt þann, sem téð firma hafði í fiskþurrkunarhúsi h/f Freys og bank-

inn hafði áður fengið að handveði. Varð firmað Kjartan Guðmundsson & Co við þessari kröfu útibússtjórans, og er framsalsáritun firmans á veðskuldabréfið dagsett þann 17. september 1932. Við rannsókn málsins hefir ákærður Kjartan stöðugt haldið því fram, að framsal veðsins til bankans hafi verið þeirri forsendu bundið, að bankinn hlutaðist til um, að h/f Freyr yrði rétt við og kæmist að samkomulagi við skuldheimtumenn sína, og veðið þannig lagt fram gegn því, að samningar tækjust. Hefir þessi framburður ákærða fulla stoð í atvikum málsins. Verður þess vegna ekki talið, að hinir ákærðu hafi gerzt brotlegir við lög í sambandi við þetta framsal veðréttarins.

8. Þá eru hinir ákærðu sakaðir um að hafa gerzt brotlegir við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 25 frá 1929, um gjaldprotaskipti, með því að hafa dregið um of að framselja bú h/f Freys til gjaldprotaskipta. En með því að upplýst er, að sá dráttur hafi stafað af því, að beðið var eftir svari Útvegsbanka Íslands við málaleitunum hlutafélagsins um fjárhagslega aðstoð, en neitun bankans um aðstoðina kom ekki fyrr en í nóvembermánuði 1932, og með því ennfremur, að bú h/f Freys var tekið til gjaldprotaskipta 19. janúar 1933, eða tiltölulega stuttum tíma eftir að ákærðu sáu, að loku var skotið fyrir samningsmöguleika við skuldheimtumenn félagsins, þá þykir ekki vera, eins og á stóð, um refsiverðan drátt á því að framselja bú hlutafélagsins til gjaldprotaskipta að ræða. Ber því að sýkna hina ákærðu af kærufyrir brot gegn 1. gr. 2. mgr. laga nr. 25 frá 1929.

9. Enn eru hinir ákærðu sóttir til refsingar fyrir að hafa ekki haldið lögsmætan aðalfund árið 1932, eins og boðið er í 30. laga nr. 77 frá 1921, um

hlutafélög. En eins og hag hlutafélagsins var þá komið og með því að beðið var eftir samningstíraunum um niðurfærslu skulda félagsins og reikningar um afkomu þess voru gerðir til afnota við samningatíraunirnar, þá verður framangreind vanræksla ekki talin svo veruleg, að varða eigi hina ákærðu refsingu eftir 57. gr. laganna.

10. Loks þykir samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, bera að sýkna ákærðu af kæru um að hafa gerzt brotlegur gegn 53. og 54. gr. laga nr. 77 frá 1921, um hlutafélög.

Með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna þykir refsing hinna ákærðu fyrir þau brot, er þeir hver um sig hafa framið, hæfilega ákveðin þannig, að þeir sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, Kjartan Guðmundsson í 3 mánuði, Páll Kolka í 2 mánuði og Kristján Egilsson í 1 mánuð, en fullnustu refsingar hinna ákærðu skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum, ef fullnægt verður skilyrðum laga nr. 39 frá 1907.

Svo ber og að dæma hina ákærðu samkvæmt 4. mgr. 8. gr. gjaldþrotaskiptalaganna til þess í 5 ár frá birtingu dóms þessa að hafa fyrirgert rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta, þó svo, að ákærðir Kjartan og Kolka greiði málsvarnarlaun talsmanns síns in solidum.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærðir Kjartan Guðmundsson og Páll Kolka greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 600 krónur. Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 400 krónur.

Annar kostnaður við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins, 700 krónur, greiðist að  $\frac{1}{5}$  in solidum af öllum hinum ákærðu, en að  $\frac{4}{5}$  in solidum af ákærðu Kjartani Guðmundssyni og Páli Kolka.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Páll Valdemar Guðmundsson Kolka, Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, Páll Kolka í 2 mánuði, Kjartan Guðmundsson í 3 mánuði og Kristján Egilsson í 1 mánuð.

Fullnustu refsingar allra hinna ákærðu skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilyrði laga nr. 39 frá 1907 verða haldin.

Allir hinir ákærðu skulu hafa fyrirgert rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð, þó svo, að ákærðir Kjartan Guðmundsson og Páll Kolka greiði málsvarnarlaun talsmanns síns in solidum.

Ákærðu Páll Kolka og Kjartan Guðmundsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmanns Sveinbjarnar Jónssonar, 600 krónur.

Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæsta-

réttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, 400 krónur.

Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Einars B. Guðmundssonar, 700 krónur, greiðist að  $\frac{1}{5}$  in solidum af ákærðu Páli Kolka, Kjartani Guðmundssyni og Kristjáni Egilssyni, en að  $\frac{4}{5}$  in solidum af ákærðu Páli Kolka og Kjartani Guðmundssyni.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn þeim Páli Valdemar Guðmundssyni Kolka héraðslækni, nú til heimilis að Bönduósi í Húnavatnssýslu, Kjartani Guðmundssyni ljósmyndara, til heimilis Skólaveg 10, og Kristjáni Egilssyni verkstjóra, til heimilis Helgafellsbraut 10, báðum hinum síðarnefndu hér í bænum, fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum um gjaldþrotaskipti frá 14. júní 1929 og lögum um hlutafélög nr. 77 frá 27. júní 1921.

Málavextir eru, eftir því sem upplýst er í málinu, sem hér segir:

Með úrskurði skiptaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum þann 19. janúar 1933, var bú hlutafélagsins „Freyr“ hér í bænum tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Eftir að venjuleg rannsókn út af gjaldþroti þessu hafði farið fram, fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið framangreinda málshöfðun á hendur hinum ákærðu, sem allir voru í stjórn nefnds hlutafélags, er bú þess var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, og var mál þetta höfðað gegn hinum ákærðu eftir að nauðsynleg framhaldsrannsókn hafði farið fram.

Áður en athugað er sérstaklega, hverjar ráðstafanir

hinna ákærðu sem stjórnenda nefnds hlutafélags kunni að vera sagnæmar, þykir verða að gera nokkra grein fyrir rekstri félagsins og efnahag á meðan það starfaði.

Umrætt hlutafélag var stofnað þann 12. júní 1929, og voru allir hinir ákærðu meðal stofnenda félagsins, og voru ákærðir Páll V. G. Kolka og Kristján Egilsson kosnir í stjórn félagsins þegar við stofnun þess, en ákærður Kjartan Guðmundsson var kosinn í stjórn félagsins á aðalfundi þess þann 13. júní 1930, og voru allir hinir ákærðu í stjórn félagsins allan tímann frá því þeir voru kosnir í stjórnina og þar til bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Samkvæmt samþykktum félagsins var tilgangur þess að reka fiskaðgerð og fiskþurrkun og annan iðnað í sambandi við fisk og fiskafurðir, og skyldi félagið kaupa í því skyni óverkaðan fisk og selja aftur verkaðan.

Hlutafé félagsins var við stofnun þess, samkvæmt samþykktum þess og stofnsamningi, kr. 42000.00, en var skömmu síðar hækkað upp í kr. 60000.00, og er talið með þeirri upphæð í tilkynningunni til hlutafélagaskráinnar, og skiptist í 30 hluti 2000 króna, en af hlutafénu var þá talið innborgað kr. 50000.00, og var hlutafjáröfnun þá talið lokið. En síðar á sama ári var hlutaféð aukið upp í kr. 62000.00 og er talið með þeirri upphæð á höfuðstólsreikningi í lok ársins, og á næsta ári (1930) var hlutaféð enn aukið um kr. 2000.00 upp í kr. 64000.00, en var ekki aukið meira eftir það.

Áður en hlutafélag þetta var stofnað, höfðu þeir ákærður Páll V. G. Kolka, Theódór Jónsson verzlunarmaður og Jón Sverrisson yfirfiskimatsmaður, sem allir voru meðal stofnenda hlutafélagsins, rekið fiskverzlun og fiskverkunarstarfsemi undir firmanafninu Theódór Jónsson & Kolka, og er hlutafélagið var stofnað, tók það við eignum og skuldum firma þessa, en eignir þær, er hlutafélagið yfirtók þannig, voru húseignin Geirseymi hér í bænum, eitthvað af fiskverkunaráhöldum og fiskur sá, er firmað hafði keypt á árinu og ekki selt, er hlutafélagið var stofnað.

Fiskbirgðir þessar keypti hlutafélagið við sama verði og nefnt firma hafði keypt þær fyrir, og þar eð firmað (að því er virðist) skuldaði allt andvirði fiskjarins, að undanteknum kr. 12000.00, sem eigendur firmans höfðu,

samkvæmt framburði ákærðs Páls V. G. Kolka, lagt fram til fiskkaupanna, tók hlutafélagið að sér greiðslu skulda þeirra, sem firmað skuldaði vegna fiskkaupanna, en eigendur firmans fengu greidda með hlutabréfum í hinu nýstofnaða hlutafélagi þær kr. 12000.00, sem þeir höfðu lagt fram til fiskkaupanna.

Húseignina Geirseeyri (að því er virðist, ásamt með fiskverkunaráhöldum þeim, sem firmað átti) keypti hlutafélagið fyrir kr. 42000.00, en á húseign þessari hvildu veðskuldir að upphæð samtals kr. 30000.00, sem hlutafélagið tók að sér að greiða, en afganginn, kr. 12000.00, greiddi hlutafélagið eigendum framangreinds firma með hlutabréfum í hinu nýstofnaða hlutafélagi, og fengu eigendur firmans þannig hlutabréf í hlutafélaginu að upphæð samtals (að nafnverði) kr. 24000.00, er skiptist þannig milli þeirra, að ákærður Páll V. G. Kolka fékk hlutabréf fyrir samtals kr. 12000.00, Jón Sverrisson fyrir kr. 6000.00 og Theódór Jónsson fyrir kr. 6000.00. Annað hlutafé virðist hafa verið greitt að mestu í peningum, og var allt hlutaféð talið greitt að fullu samkvæmt reikningum félagsins.

Á árinu 1929 lét hlutafélagið byggja fiskþurrkhús hér í Vestmannaeyjum og lét síðar gera þerrireit nálægt þurrkhúsinu, og rak félagið fiskþurrkunarstarfsemi bæði í þurrkhúsi og á þerrireitum allt þar til félagið framseldi bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar. Og fiskverzlun rak félagið öll árin, sem það starfaði, nema árið 1932.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 31. desember 1929 nema eignir þess kr. 223353.60, og skuldir (að hlutafé meðtöldu) nema nákvæmlega sömu upphæð, og er þannig talið, að hvorki hafi orðið hagnaður né tap á rekstri félagsins á árinu.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 31. desember 1930 eru eignir þess taldar kr. 222937.49, en skuldir (að hlutafé meðtöldu) kr. 337696.06, eða skuldir um fram eignir kr. 114758.57, eða kr. 50758.57, ef hlutaféð er ekki talið meðal skulda.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 31. desember 1931, sem færður er í dagbók og lagt hefir verið fram afrit af í málinu, hafa eignir félagsins numið samtals kr. 206034.21, en skuldir að meðtöldu hlutafé kr. 333141.19,

og skuldir um fram eignir kr. 127106.98, eða kr. 63106.98, ef hlutaféð er ekki talið meðal skulda.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins, sem félagsstjórnin (ákærðir) sendu skiptaráðanda, er gjaldþrotaskiptin á búi félagsins byrjuðu, og sem miðaður er við desembermánuð 1932 (en ekki tiltekið, hvenær í þeim mánuði), eru eignir félagsins taldar kr. 94990.37, og skuldir, án tillits til hlutafjárins, kr. 191061.53, eða skuldir um fram eignir kr. 96071.19, en eins og sést af reikningi þessum sjálfum, eru niðurstöðutölur hans, að því er snertir eignir og skuldir, rangar, þar eða veðskuldir, að upphæð kr. 49000.00, eru ekki taldar meðal skulda skuldamegin á reikningi þessum, en eru taldar til frádráttar fasteignum þeim, er þær hvíla á, eignamegin á reikningnum, og eru því eignir félagsins raunverulega samkvæmt reikningi þessum kr. 143990.34 og skuldir kr. 240061.53, en eigi breytir það niðurstöðu reikningsins að því er snertir mismunur eigna og skulda félagsins.

Þessi síðastnefndur efnahagsreikningur er nokkuð öðruvísi en efnahagur félagsins hefir verið samkvæmt dagbók félagsins 31. des. 1932, samkvæmt útdrætti úr þeirri bók, sem lagður hefir verið fram í málinu, rskj. nr. 25, en samkvæmt þeim útdrætti eru eignir félagsins taldar kr. 126191.07 og skuldir (að hlutafé meðtöldu) kr. 272473.49, og skuldir um fram eignir kr. 146282.42, eða kr. 82282.42, ef hlutaféð er ekki talið meðal skulda, og stafar mismunur þessi af því, að skuldir félagsins eru taldar nokkru meiri á reikningi þeim, sem sendur er með gjaldþrotabeiðninni, en enginn sérstakur bókfærður efnahagsreikningur né rekstursreikningur fyrir félagið er til fyrir árið 1932.

Við byrjun gjaldþrotaskiptanna voru allar eignir félagsins virtar á samtals kr. 126103.27, þar á meðal úti-standandi skuldir, að upphæð kr. 17148.27, sem skrifaðar voru upp með nafnverði (ekki virtar). Fasteignir félagsins — fiskþurrkhús, þerrireitur og húseignin Geirseyri — voru lagðar ófullnægðum veðhöfum út til eignar fyrir samtals kr. 65000.00, en lausafé félagsins, sem var óveðsett, var selt á uppboði fyrir samtals kr. 2794.00. En ekki er upplýst í málinu um, fyrir hve mikið útistandandi skuldir félagsins seldust, en þær voru taldar mjög lítils virði. Kröf-

um að upphæð samtals kr. 169729.72, auk vaxta og kostnaðar, var lýst í búið, þar í innifaldar veðkröfur útibús Útvegsbanka Íslands h/f hér í bænum. Þar af eru taldar forgangskröfur samkv. 83. gr. skiptalaganna, samtals kr. 4890.17.

Eins og sést af framanrituðu, hefir hlutafélagið samkvæmt framanrituðum efnahagsreikningum tapað allmiklu fé á rekstri öll árin, sem það starfaði, nema árið 1929, og hefir það tap, samkvæmt framangreindum efnahagsreikningi, sem ákærðir sendu skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskiptanna, numið samtals kr. 160071.19 yfir allan tímenn, sem félagið starfaði. En við rannsókn málsins, þ. e. við endurskoðun þá, sem fram fór á bókhaldi hlutafélagsins í sambandi við rannsóknina, og sem Þórður Bjarnason endurskoðandi framkvæmdi, hefir komið í ljós, að tap félagsins hefir í raun og veru verið meira en framangreindir reikningar sýna. Þar á meðal hefir komið í ljós, að raunverulega hefir orðið tap á rekstri félagsins á árinu 1929, þó talið sé á efnahagsreikningi og rekstursreikningi félagsins fyrir það ár, að ekkert tap hafi orðið á rekstri félagsins fyrir það ár. Og sést af fundargerð aðalfundar hlutafélagsins fyrir árið 1929, sem að visu hefir eigi verið lögð fram á málinu, en sem vitnað er til í endurskoðunargerð nefnds endurskoðanda, að á fundi þessum, sem haldinn var þann 13. júní 1930, að þá hefir verið talið komið í ljós ca. 17000 króna tap á rekstri félagsins á nefndu ári. En tap þetta virðist — að minnsta kosti ekki beinlínis — hafa verið komið í ljós, er reikningar félagsins fyrir árið 1929 voru samdir, en tapið er þannig komið, að fiskbirgðir félagsins, þ. e. óseldur fiskur frá árinu 1929, sem var á framangreindum efnahagsreikningi talinn kr. 93190.61, seldist fyrir aðeins kr. 64505.48, eða kr. 28685.18 minna en hann var talinn á framangreindum efnahagsreikningi, sem virðist því jafnvel verða tap félagsins á árinu, en frá því hefir, samkvæmt framburði þáverandi framkvæmdastjóra félagsins, þótt rétt að draga óbókfærðar eignir o. fl., að upphæð samtals kr. 13270.83, og ætti tap félagsins á árinu samkvæmt því að hafa verið kr. 15414.35. Ekki hefir verið unnt að sannreyna, hvort hinar óbókfærðu eignir hafi raunverulega verið fyrir hendi, en svo virðist, sem tap það, sem stjórnendur félagsins töldu þann-

ig raunverulega hafa orðið á rekstri félagsins árið 1929, og sem ekki kom fram á reikningum þess fyrir það ár, komi fram í reikningum félagsins fyrir árið 1930.

Á árinu 1930 telur framannefndur endurskoðandi tap á rekstri félagsins hafa numið kr. 10456.57 hærri upphæð en það er talið á reikningum félagsins fyrir það ár, og hafa ákærðir viðurkennt það rétt, og hefir tap félagsins og skuldir félagsins um fram eignir því samkvæmt því numið kr. 125415.14 í lok umrædds árs.

Það hefir og komið í ljós við umrædda endurskoðun, að reksturshalli félagsins á árinu 1931, sem talinn er samkvæmt bókum félagsins (reikningsyfirliti) kr. 12348.41, hefir í raun og veru verið kr. 5049.94 meiri, eða samtals kr. 17398.35. En auk þess seldust fiskbirgðir félagsins, sem eru taldar í árslok í bókum félagsins kr. 77000.00, fyrir aðeins kr. 50938.87, eða kr. 26061.13 minna en þær eru taldar í bókum félagsins — reikningsyfirliti og framan- greindum efnahagsreikningi —, og verður raunverulegt tap félagsins á árinu 1931 þannig kr. 31111.07 meira en það er talið í bókum félagsins, eða samtals kr. 43459.48, en tap það, sem þannig varð vegna þess, að fiskbirgðir félagsins seldust ekki fyrir áætlað verð, kemur fram í bókfærslu félagsins á árinu 1932. Skuldir félagsins um fram eignir nema því þannig í lok ársins 1931 kr. 142613.49 um fram eignir (að meðtöldu hlutafé), ef fiskbirgðir félagsins eru taldar við því verði, sem félagið hefir gert, en að öðru leyti með tilliti til framangreindra athugasemda endurskoðenda, en kr. 168666.04, ef miðað er við hið raunverulega söluverð fiskjarins, en þó útistandandi skuldir félagsins, ca. kr. 20000.00, séu taldar með nafnverði, eins og jafnan hefir verið gert í reikningum félagsins. Og samkvæmt því, sem hefir komið í ljós við endurskoðunina, er allur reksturshalli félagsins og skuldir um fram eignir orðið samtals kr. 173788.93 í árslok 1932, þó ekki sé tekið tillit til fyrningar á eignum félagsins á árinu 1932 né ýmissa gjalda félagsins á því ári, sem endurskoðandi telur óbókfærð.

Á árinu 1932 keypti hlutafélagið engan fisk, eins og að framan er dregið á, og beið því ekkert tjón af sliku á því ári, að öðru en því, að tap varð á fiski þeim, er óseldur var í ársbyrjun og seldur var á árinu, kemur samkvæmt

bókum félagsins fram sem tap á því ári, en annað tap félagsins á því ári stafar af því, að vextir af skuldum félagsins námu meiru á árinu en hagnaður, sem varð af fiskverkunarstarfsemi þess, sem annars gaf góðan arð.

Reikningar félagsins fyrir árið 1930 voru ekki lagðir fram á félagsfundi fyrr en þann 21. nóvember 1931, og vottorð endurskoðenda um endurskoðun á reikningum þessum er dagsett þann 16. nóvember 1931, en ekki er nákvæmlega upplýst um í málinu, hvenær reikningar þessir voru gerðir. En þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins, sem annaðist bókhald þess og uppgjör reikninga — Elías Theódór Jónsson — hefir borið, að umræddir reikningar hafi verið gerðir seint um sumarið 1931, er allur fiskur félagsins frá árinu 1930 hafi verið seldur. En það virðist ekki hafa verið gert fyrr til þess að sæist af reikningum þessum, hve mikið tap hlutafélagsins af fiskkaupum á árinu 1930 yrði endanlega. En nánari upplýsingar hafa ekki komið fram í málinu um, hvenær reikningar þessir voru gerðir. En ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að hið síðasta af fiski félagsins hafi verið sent til útlanda í marzmánuði 1931, en sumt af honum hafi verið sent í umboðssölu, og hafi því andvirði þess fiskjar ekki verið greitt fyrr en síðar, og reikningar félagsins gerðir, er fiskurinn var allur seldur og andvirði hans allt greitt.

Það er því ekki upplýst fullkomlega, hvenær hin raunverulega rekstrarafkoma félagsins á árinu 1931 var fullkomlega komin í ljós.

Þann 31. júlí 1931 hélt stjórn félagsins (ákærðir) fund, og var samþykkt á þeim fundi að segja upp öllum föstum starfsmönnum félagsins með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá 1. ágúst 1931 að telja. Fundargerð fundar þessa hefir eigi verið lögð fram í málinu, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, þar á meðal með framangreindri endurskoðunargerð, er ráðstöfun þessi samkvæmt fundargerðinni talin vegna þess, að óráðið sé um tilhögun og starfsemi félagsins í framtíðinni.

Ákærður Páll V. G. Kolka hefir borið, að hann hafi álit- ið, að félagið væri insolvent, er umrædd stjórnarráðstöfun var gerð, og kveður ráðstöfun þessa hafa verið gerða vegna þess, að stjórn félagsins hafi viljað vera laus við

alla samninga við starfsmenn sína, ef félagið kynni að verða að hætta störfum vegna fjárhagsörðugleika, og kveðst hann hafa álitnið, að félagið yrði að líkindum að framselja bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar, ef það fengi ekki samninga við skuldheimtumenn sína um skuld-irnar, eða hluthafar tækju að sér greiðslu skulda, en frekar hafi þó verið gert ráð fyrir því, að hlutafélagið framseldi bú sitt til gjaldþrotaskipta, en að hluthafar tækju að sér greiðslu skulda. Hann hefir og borið, að fiskverð hafi þá verið lækkað, og búið að selja nokkuð mikið af fiski félagsins (þ. e. fiski keyptum 1931) við lágu verði.

Ákærður Kristján Egilsson hefir borið, að ákvörðun fé-  
lagsstjórnarinnar um að segja starfsmönnum félagsins upp  
störfum þeirra hafi verið tekin vegna þess, að stjórn fé-  
lagsins hafi viljað vera laus við samninga við starfsmenn-  
ina, ef félagið yrði að hætta störfum vegna fjárhagsörð-  
ugleika, og að stjórnin (þ. e. ákærðir) hafi gert ráð fyrir  
því, að félagið yrði að hætta störfum vegna fjárhagsörð-  
leika eða verða gjaldþrota, nema því aðeins, að ný fjár-  
framlög fengjust frá hluthöfum eða öðrum, og hefir hann  
borið, að reynt hafi verið að fá ný hlutafjárframlög til fé-  
lagsins á síðari hluta ársins 1931, en það hafi ekki tekizt.

Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að starfs-  
mönnum félagsins hafi eigi verið sagt upp þann 31. júlí  
1931 vegna þess, að gert væri ráð fyrir því, að félagið  
yrði að hætta starfsemi sinni vegna fjárhagsörðugleika,  
heldur af öðrum ástæðum, þ. e. vegna ósamkomulags milli  
starfsmanna félagsins innbyrðis, en hann kveður stjórn  
félagsins hafa verið ljóst, að félagið hafi verið insolvent,  
en kveðst hafa haft von um, að takast mundi að rétta hag  
félagsins við með rekstri þess framvegis.

Með framangreindum framburðum hinna ákærðu og  
með öðru því, sem upplýst er í málinu um efnahag fé-  
lagsins og sem að framan greinir, verður að álitni réttar-  
ins að telja nægilega sannað, að gjaldþrot hafi vofað yfir  
félaginu, er framangreindur stjórnarfundur var haldinn  
þann 31. júlí 1931, og að stjórn félagsins, þ. e. ákærðir,  
hafi hlotið að sjá, að svo var, og ekkert hefir komið fram  
í málinu, er bendi til þess, að ákærðir hafi þá haft neina  
sérstaka ástæðu til að ætla, að ný hlutafjárframlög fengi-  
ust til félagsins, er nægðu til þess að afstýra gjaldþroti.

þess, eða þeir fengju samninga um skuldir þess, og verður því að álita, að hinum ákærðu hafi borið skylda til að haga ráðstöfunum sínum fyrir hönd félagsins með yfirvofandi gjaldþrot fyrir augum eftir umræddan tíma, þó þeir kunni að hafa haft einhverja von um, að unnt væri að afstýra gjaldþrotinu. En ekki verður talið nægilega upplýst í málinu, að ákærðir hafi séð eða hlotið að sjá, að gjaldþrot félagsins væri yfirvofandi fyrir framangreindan tíma, þó það hafi sýnilega verið orðið insolvent áður.

Af því, sem upplýst er í málinu, sést, að engin ný hlutfjárframlög hafa fengizt til félagsins, þó eitthvað virðist hafa verið reynt til þess að fá slík fjárframlög á síðari hluta ársins 1931.

Þann 13. marz 1932 var haldinn hluthafafundur í félaginu, og var á þeim fundi samþykkt að fela stjórn félagsins að leita nauðasamninga við lánardrottna þess. Í fundargerð fundar þessa, sem lögð hefir verið fram í málinu, eru ekki greindar ástæður fyrir þessari ákvörðun, en samkvæmt því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, er augljóst, að þá hefir verið talið útilokað að takast mætti að fá ný hlutfjárframlög til félagsins, og að stjórnendur félagsins (ákærðir) hafa þá talið samninga við skuldheimtumen um niðurfærslu skuldanna eina möguleikann til að komast hjá gjaldþrotaskiptum á búi félagsins, enda hefir ákærður Kjartan Guðmundsson borið, að stjórn félagsins hafi verið það ljóst á umræddum tíma, að gjaldþrot félagsins væru óumflýjanleg, nema því aðeins, að slíkir samningar næðust.

Eftir að framangreindur fundur var haldinn og ákvörðun tekin um að reyna að ná samningum við skuldheimtumen félagsins, var saminn efnahagsreikningur fyrir félagið pr. 20. marz 1932. Samkvæmt þeim reikningi voru skuldir félagsins taldar kr. 336621.67, en eignir kr. 184655.18, og skuldir umfram eignir því kr. 151966.49, að hlutafé meðtöldu, eða kr. 87966.49, ef hlutaféd er ekki talið með, en mismunur eigna og skulda hefir þá í raun og veru verið talsvert meiri, eftir því sem upplýst er í málinu með framangreindri endurskoðunargerð í sambandi við aðra reikninga félagsins, eins og að framan er lýst.

Að lokinni samningu efnahagsreiknings þessa og öðrum nauðsynlegum undirbúningi rituðu ákærðir Útvegs-

bankanum bréf, sem lagt hefir verið fram í málinu afrit af (rskj. nr. 27), og fara hinir ákærðu í bréfi þessu á leit við stjórn bankans, að bankinn semji við hlutafélagið um niðurfærslu skulda félagsins. Á afriti því af bréfi þessu, sem lagt hefir verið fram í málinu, sést eigi dagsetning bréfsins, og báru hinir ákærðu upphaflega í málinu, að bréf þetta hafi verið ritað og sent bankanum í marzmánuði 1932, en vitnið Björn P. Kalman, sem aðstoðaði hina ákærðu við umræddar samningaumleitanir, hefir borið, að bréf þetta hafi verið ritað (dagsett) þann 30. apríl 1932.

Í bréfi þessu fara hinir ákærðu fram á það, að bankinn felli niður 33% af kröfum þeim, er bankinn átti þá á hendur félaginu, sem voru þá samtals kr. 115000.00, en sem talið var, að yrði samtals um kr. 95000.00, er greitt væri allt andvirði fiskjar félagsins, sem veðsettur hafi verið bankanum, og virðist hafa verið ætlað til þess, að umrædd niðurfærsla á skuldum félagsins næði aðeins til umræddra kr. 95000.00, sbr. rskj. nr. 28, yfirlit yfir fyrirhugaða skuldaniðurfærslu félagsins, en í umræddu bréfi er gert ráð fyrir, að skuldaniðurfærslan nái til allra skulda hlutafélagsins við bankann. En fyrir kr. 29000.00 af þeirri upphæð hafði bankinn þá fengið þriðja veðrétt í fiskþurrkhúsi félagsins, eins og síðar verður greint nánar, en auk þess voru ákærðir og aðrir hluthafar í félaginu persónulega ábyrgir fyrir skuldum félagsins við bankann. Þá var og farið fram á, að bankinn veitti hlutafélaginu peningalán, að upphæð um kr. 16000.00, til greiðslu upp í það, sem ákærðir bjuggust við, að félagið þyrfti að greiða upp í aðrar skuldir félagsins, ef samningar tækjust. En gert var ráð fyrir að greiða að fullu vexti af fasteignaveðlánunum, kr. 4456.25, ógreidd opinber gjöld, kr. 2085.03, og ógreidd verkalaun kr. 2571.10, en upp í almennar kröfur, þar á meðal skuld við firmað Kjartan Guðmundsson & Co, sem hafði fengið 2. veðrétt í fiskþurrkhúsi félagsins, en sem gert var ráð fyrir, að firma þetta framseldi bankanum, ef til samninga kæmi, var gert ráð fyrir að greiða 21%, eða kr. 13201.90 (af kr. 62.866.18), eða samtals kr. 22314.28, sem gert var ráð fyrir, að félagið greiddi öðrum kröfuhöfum en Útvegsbankanum, ef umræddir samningar tækj-

ust. En upp í það töldu ákærðir, að félagið sjálft hefði til umráða kr. 6100.00.

Umrætt bréf ákærðra var, eftir því sem upplýst er í málinu, sent útibúi Útvegsbankans hér í bænum, en því næst sent bankastjórn Útvegsbankans í Reykjavík af framkvæmdastjóra nefnds bankaútibús hér, Haraldi Viggó Björnssyni, sem mælti með því — með sérstökum skilyrðum —, að bankinn gerði við hlutafélagið þá samninga, sem farið var fram á. En bankastjórnin svaraði ekki þessari málaleitun ákærðra fyrr en í nóvembermánuði 1932, að bankastjórnin neitaði að gera hina umbeðnu samninga við hlutafélagið, og virðist hafa krafizt þess, að ákærðir framseldu bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Ekkert verulegt virðist hafa verið aðhafzt af hálfu hinna ákærðu til þess að ná samningum almennt við aðra skuldheimtumenn félagsins en Útvegsbankann. Vitnið Björn P. Kalman hefir borið, að talað hafi verið við nokkra skuldheimtumenn viðvíkjandi slíkum samningum, og að þeirri málaleitun hafi verið tekið vel, en ekki gat vitni þetta tilgreint við hverja skuldheimtumenn hafi verið talað viðvíkjandi þessu, að undanteknum einum manni, sem hann kveður þá hafa haft einhverjar kröfur til innheimtu á félagið, og er ekki annað upplýst um slíkar samningaumleitunir, nema um einstaka menn, er ákærðir sömdu við um kröfur þeirra, og sem samið hafði verið við áður en framangreint bréf ákærðra var sent Útvegsbankanum, og sem ekki virðast vera taldir með í framangreindu yfirliti yfir skuldir félagsins á rskj. nr. 28, sem ákærðir sendu Útvegsbankanum með framangreindu bréfi, en að því verður nánar vikið síðar.

Þann 4. október 1931 gáfu ákærðir Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson út veðskuldabréf, að upphæð kr. 30000.00, til firmans Kjartan Guðmundsson & Co hér í bænum, sem ákærður Kjartan Guðmundsson átti og rak með Sigurði Jónssyni verzlunarmanni hér í bænum, sem einnig var hluthafi í h/f „Freyr“, og var nefndu firma samkvæmt veðskuldabréfi þessu veittur 2. veðréttur í fyrrgreindu fiskþurrkunarhúsi hlutafélagsins, með lóðarréttindum og tilheyrandi mannvirkjum, fyrir skuld hlutafélagsins við firmað, sem áður var óveðtryggð, næst á eftir

og með uppfærslurétti á eftir veðskuld við Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, að upphæð kr. 15000.00, samkv. veðskuldabréfi dags. 6. desember 1929. Skuld hlutafélagsins við nefnt firma var talin kr. 27203,51 í bókum hlutafélagsins á þeim tíma, er veðsetningin var gerð, samkv. skrá, er fyrrgreindur endurskoðandi gerði yfir skuldir þess á þeim tíma að tilhlutun dómarans, og sem lagður (sic) hefir verið fram í málinu, og sem ákærðir hafi viðurkennt réttan, en samkvæmt skrá, sem sami endurskoðandi gerði yfir skuldir félagsins við næstu áramót þar á eftir, var skuld hlutafélagsins við umrætt firma þá samkvæmt bókum hlutafélagsins kr. 33438.81. En fyrrnefndur Sigurður Jónsson, sem hafði á hendi bókhald og reikningahald firmans, hefir borið, að skuld hlutafélagsins við firmað hafi, er veðsetningin fór fram, verið litið eitt hærri en veðskuldabréfið, eða um kr. 31000.00, og hefir hann borið, að hlutafélagið hafi ekki haft nein viðskipti við firmað eftir að umrædd veðsetning fór fram, og stafi hækkun skuldarinnar til næstu áramóta af vöxtum, sem bætt hafi verið við skuldina. Það verður því eigi talið sannað, að ákærðir hafi gefið umrætt veðskuldabréf út fyrir hærri upphæð en hlutafélagið skuldaði firmanu á umræddum tíma. En umrætt firma hefir með veðsetningu þessari fengið alla eða næstum alla innieign sína hjá hlutafélaginu veðtryggða með umræddri veðsetningu, en fasteignamat hinnar veðsettu fasteignar er, samkvæmt fasteignamatsvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, kr. 47300.00, og á efnahagsreikningi hlutafélagsins fyrir árið 1930 var eign þessi talin á kr. 74011.24, og virðist firmað því hafa fengið umrædda innieign sína fulltryggða með veðsetningu þessari, enda virðist svo hafa verið litið á af hlutaðeigendum.

Skuld þessi var stofnuð að nokkru leyti á árinu 1930, eða um kr. 16000.00 af henni, samkvæmt því, sem upplýst er með framangreindri endurskoðunargerð, en að nokkru á árinu 1931 (framan af því ári) áður en veðsetningin fór fram, vegna vöruúttektar og annara fjárframlaga firmans til reksturs hlutafélagsins.

Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að hann hafi fengið munnlegt loforð fyrir veði þessu til handa firma sínu í maímánuði 1931 hjá ákærðum Páli V. G. Kolka og hjá framkvæmdastjóra hlutafélagsins, Theódór

Jónssyni, er sýnilegt hafi verið, að firmað fengi ekki greiðslu á skuldinni þá eða fiskveð fyrir henni, eins og upphaflega hafi verið talað um, og hafa þeir Páll V. G. Kolka og Theódór Jónsson borið, að þeir hafi munnlega lofað Kjartani veði þessu vorið 1931.

Veðsetning þessi var samþykkt á hluthafafundi i umræddu hlutafélagi þann 4. október 1931, þ. e. sama dag og veðskuldabréfið var gefið út, og var veðsetningin samþykkt á þeim fundi með atkvæðum allra mættra hluthafa, nema ákærðs Kristjáns Egilssonar og eins annars hluthafa, og átti ákærður Kristján Egilsson engan þátt i veðsetningu þessari.

Í framangreindu bréfi, er ákærðir skrifuðu Útvegsbankanum viðvikjandi samningum um skuldir félagsins, er tekið fram, að fyrrnefndir eigendur firmans Kjartan Guðmundsson & Co hafi afsalað sér veðrétti þessum til bankans, og eftir því, sem upplýst er í málinu, neitaði fyrrnefndur bankaútibússtjóri með öllu að mæla með því, að hlutafélagið fengi hina umbeðnu samninga, nema því aðeins, að firmað Kjartan Guðmundsson & Co framseldi bankanum umræddan veðrétt, og hefir hann borið sem vitni í málinu, að hann hafi ætlað að láta taka bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar, svo unnt væri að rifta veðsetningu þessari, hefði bankinn eigi fengið veðið eftirgefið eða framselt, og samkvæmt áritun á veðskuldabréf þetta, dags. 17. sept. 1932, hafa framangreindir eigendur veðskuldabréfs þessa framselt margnefndu bankaútibúi bréfið „til fullrar eignar og umráða til tryggingar skuldum h/f Freys við bankann“. En þann 16. s. m. hafði fyrrnefndur bankaútibússtjóri lýst því yfir á hluthafafundi i margnefndu félagi, að hann mundi leggja til, að félagið „fengi samninga“ með því skilyrði, að umrætt firma „gæfi bankanum eftir“ veð þetta, en veðbréf þetta hafði áður verið selt umræddu bankaútibúi að handveði vegna h/f Freys til tryggingar skuld, að upphæð kr. 7800.00, eins og nánar verður vikið að síðar.

Með framangreindri veðsetningu fiskþurrkhússins til firmans Kjartan Guðmundsson & Co, sem ákærður Kjartan Guðmundsson var annar eigandi að, hefir ákærður Kjartan Guðmundsson, með tilliti til þess, sem að framan er lýst um fjárhag hlutafélagsins, er veðsetningin fór fram, að

áliti réttarins, brotið gegn 262. gr. hinna almennu hegningarlaganna. Og hefir ákærði Páll V. G. Kolka, með þátttöku sinni í þeim verknaði, brotið gegn sömu lagagrein sbr. 48. gr. sömu laga. Og verður að lita svo á, að hér sé um fullframið brot að ræða af hálfu hinna ákærðu, þó ákærður Kjartan Guðmundsson og meðeigandi hans framseldi síðan öðrum lánardrottni félagsins veðrétt þenna áður en ákærðir framseldu þú hlutafélagsins til gjaldþrotaskipta meðferðar. Hinsvegar verður ekki talið sérstakt afbrot, þó ákærður Kjartan Guðmundsson framseldi þannig öðrum lánardrottni hlutafélagsins veðrétt þenna síðar.

Þann 18. október 1931 samþykkti þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins, Theódór Jónsson, víxil, að upphæð kr. 1483.81 fyrir innieign ákærðs Páls V. G. Kolka hjá hlutafélaginu, og seldi ákærður (P. V. G. K.) útibúi Útvegsbankans hér í bænum víxil þenna. En eftir því, sem upplýst er í málinu, virðast hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson engan þátt hafa átt í ráðstöfun þessari. Ákærður Páll V. G. Kolka hefir að vísu borið (er hann var yfirheyrður í máli þessu í lögreglurétti Húnavatnssýslu við framhaldsrannsókn í málinu), að víxill þessi hafi verið gefinn út sér til handa af félagsstjórninni án nokkurs ágreinings, en það verður þó eigi talið sannað gegn neitun hinna annara ákærðu, að þeir hafi átt nokkurn þátt í ráðstöfun þessari, er hún upphaflega var gerð, enda sést af víxli þessum, sem lagður hefir verið fram í málinu (rskj. nr. 55), að fyrrnefndur Theódór Jónsson hefir einn samþykkt víxil þenna fyrir hönd hlutafélagsins, en víxill þessi var gefinn út af ákærðum Páli V. G. Kolka, án þess meðákærðir, Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson, hafi á nokkurn hátt ritað á hann. Gjaldtagi á víxli þessum var þann 15. nóvember 1931, og var hann síðar fjórum sinnum framlengdur, síðast til 15. apríl 1932, en var þá afsagður sökum greiðslufalls og greiddur af hlutafélaginu þann 27. júní 1932. Og samþykktu hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson framlengingarvíxil eða víxla í sambandi við víxilskuld þessa eftir að hún var stofnuð.

Ákærður Páll V. G. Kolka hefir borið, að umrædd innieign hans hjá hlutafélaginu hafi verið þannig til orðin, að ýmsir viðskiptamenn hans hafi lagt fisk inn í reikning

hans hjá félaginu sem greiðslu fyrir læknishjálp, og virðist hlutafélagið í raun og veru, ef svo hefir verið, hafa keypt þann fisk af P. V. G. Kolka. Ennfremur hefir ákærður P. V. G. Kolka skýrt svo frá, að andvirði umrædds vixils hafi gengið til þess að greiða veðdeildarlán, sem hvílt hafi á íbúðarhúsi hans, en lán þetta hafi verið fallið í gjalddaga, og hafi verið að því komið, að selja húsið á nauðungaruppboði til lúkningar þeirri skuld, og þar eð ákærður hafi verið í miklum ábyrgðum fyrir skuldum félagsins, hafi verið hagur að því fyrir lánardrottna félagsins, að ákærður gæti haldið umræddri húseign í stað þess, að eignir hans rýrðust við það, að húsið yrði selt á uppboði fyrir of lágt verð, og ennfremur kveður ákærður ráðstöfun þessa hafa verið gerða með samþykki framannefnds framkvæmdarstjóra útibús Útvegsbankans hér, og virðist svo hafa verið, þar eð bankabútibú þetta keypti vixilinn af ákærðum.

Það hefir eigi verið unnt að upplýsa, hvort greiðsla til ákærðs á umræddri innieign hans hjá hlutafélaginu hefir verið hið eina úrræði til þess að komast hjá, að framangreind húseign hans yrði seld á nauðungaruppboði, og hefir eigi verið upplýst í málinu á annan hátt en með framburði ákærðs (og hinna annara ákærðu í rskj. nr. 26), hvort nauðungaruppboð á eigninni hefir verið yfirvofandi. En eigi getur staðhæfing ákærðs um, að hann hafi eigi getað greitt umrædda upphæð á neinn annan hátt, talizt sérstaklega líkleg, og þó ákærður væri, eins og að framan greinir, í ábyrgðum fyrir ýmsum af skuldum hlutafélagsins, verður þó að áliti réttarins að telja, að ákærður hafi með umræddri ráðstöfun brotið gegn 262. gr. hinna almennu hegningarlaga. En eigi verður það að áliti réttarins talið saknæmt af hálfu ákærðra Kjartans Guðmundssonar og Kristjáns Egilssonar, þó þeir samþykktu f. h. hlutafélagsins vixil eða vixla til framlengingar framangreindum vixli eftir að hann hafði verið seldur útibúi Útvegsbankans.

Þann 5. desember 1931 veðsettu hinir ákærðu útibúi Útvegsbankans hér í bænum framangreint fiskþurrkhús hlutafélagsins til tryggingar vixilskuld, að upphæð kr. 29000.00, með þriðja veðrétti næst á eftir og með uppfærslurétti á eftir framangreindum veðskuldum á 1. og 2. veðrétti, og

þerrireit hlutafélagsins nr. 159 með 1. veðrétti, en þerrireitur þessi er, samkvæmt fasteignamatsvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, kr. 12000.00 að fasteignamati, en í framangreindum efnahagsreikningi hlutafélagsins pr. 31. desember 1930 er hann talinn á kr. 1226.80, og virðist hann því ekki hafa kostað hlutafélagið meira en þá upphæð, og það ekki hafa talið hann meira virði, en hann er ekki talinn á efnahagsreikningnum pr. 31. desember 1929, og mun þá eigi hafa verið búið að gera þerrireit þenna.

Framangreind vixilskuld var stofnuð áður en umrædd veðsetning fór fram og var óveðtryggð áður, en var tryggð með persónulegum ábyrgðum allra hinna ákærðu.

Hinir ákærðu tóku allir þátt í þessari ráðstöfun og undirrituðu allir tryggingarbréf það til Útvegsbankans, sem veðréttur þessi byggist á. Og var veðsetning þessi samþykkt á hluthafafundi í félaginu þann 21. desember 1931 að því, er veðsetningu fiskþurrkhússins snertir, en veðsetning þerrireitsins var aldrei samþykkt af hluthöfum, en stjórn félagsins var, samkvæmt samþykktum þess, óheimilt að veðsetja eignir þess, nema með samþykki hluthafafundar. En hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þerrireitur þessi hafi verið skoðaður sem tilheyrandi fiskþurrkhúsinu og í sambandi við það. En hann var þó ekki veðsettur firmanu Kjartan Guðmundsson & Co með þurrkhúsinu, og virðist því þá hafa verið litið á hann sem sérstaka eign (en hann mun enn eigi hafa verið gerður, er fiskþurrkhúsið var veðsett Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja).

Framkvæmdastjóri umrædds bankaútibús hefir borið, að hann hafi krafizt þess sérstaklega af hinum ákærðu, að þeir veittu bankanum framangreint veð, og þykir því varhugavert að staðhæfa eða ganga út frá því, að ákærðir hafi veitt bankanum umræddan veðrétt vegna hinnar persónulegu ábyrgðar sinnar á framangreindri skuld. En hinir ákærðu hafa að áliti réttarins allir brotið gegn hinni 263. gr. hinna almennu hegningarlaga með þessari ráðstöfun.

Á framangreindum hluthafafundi þann 21. nóvember 1931 var samþykkt veðsetning á húseign félagsins Geirseyyri til Oliuverzlunar Íslands með 2. veórétti fyrir kr. 10000.00,

en veðskuldabréf þetta var gefið út af hinum ákærðu (öllum) f. h. hlutafélagsins þann 10. febrúar 1931. En þó ákærðir hefðu enga heimild til veðsetningar þessarar frá hluthöfum fyrr en 21. nóvember 1931, voru þeir bundnir við veðsetningu þessa fyrir sitt leyti, er þeir höfðu gefið út veðskuldabréfið, og þar eð — eins og að framan greinir — ekki er sannað í málinu, að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma, er veðskuldabréf þetta var gefið út, verður ráðstöfun þessi ekki talin saknæm af hálfu hinna ákærðu.

Þann 19. marz 1932 framseldu hinir ákærðu Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson f. h. hlutafélagsins Garðari Þorsteinsyni hrm., í Reykjavík, að handveði veðskuldabréf, að upphæð upphaflega kr. 2300.00, útgefið af Friðfinni nokkrum Finnssyni, og var handveðsetning þessi gerð til tryggingar skuld hlutafélagsins við Rikhard nokkurn Sigmundsson, að upphæð kr. 1151.15, auk vaxta og kostnaðar. Veðskuldabréf þetta var tryggt með 2. veðrétti í húseigninni nr. 22 við Heimagötu hér í bænum, næst á eftir og með uppfærslurétti á eftir veðskuld til veðdeildar Landsbanka Íslands, og hefir nefndur Friðfinnur Finnsson borið sem vitni í málinu, að skuldin til veðdeildarinnar á 1. veðrétti hafi, er handveðsetning þessi fór fram, verið um kr. 2600.00, eða jafnvel lægri, en vitni þetta telur eftirstöðvar hins handveðsetta veðskuldabréfs þá hafa verið um kr. 2000.00, en samkvæmt bókum hlutafélagsins virðast eftirstöðvar þess þá hafa verið kr. 2149.07, en fasteignamatssverð húseignar þessarar var þá, samkvæmt framburði sama vitnis, kr. 7600.00. Veðskuldabréf þetta virðist því hafa verið fulltryggt, enda virðast ákærðir, eftir því sem upplýst er í málinu, hafa talið það fulltryggt. Veðskuldabréf þetta var því næst selt á opinberu uppboði þann 30. marz 1932, og keypti fyrrnefndur Garðar Þorsteinnsson það þá með því skilyrði, að hlutafélaginu væri heimilt til 1. maí 1932 að innleysa það með 1500 kr., auk uppboðskostnaðar, en hlutafélagið innleysti þó eigi veðbréfið, og samkvæmt framburði fyrrnefnds Friðfinns Finnssonar var það síðar selt af Garðari Þorsteinsyni fyrir kr. 1900.00, og virðist hlutafélagið því hafa tapað talsverðu fé á þessari ráðstöfun hinna ákærðu (aук þess sem skuldin var greidd).

Umrædd skuld hlutafélagsins við Rikhard Sigmundsson við hlutafélagið (sic) var vinnulaun, sem hann átti hjá félaginu fyrir vinnu á árinu 1930, og að nokkru á árinu 1931, og hafa Rikhard verið færð til tekna í bókum félagsins vinnulaun að upphæð samtals kr. 455.12 á árinu 1931, og voru honum síðast færð vinnulaun til tekna þann 4. marz 1931, samkvæmt reikningi hans í bókum félagsins, sem lögð hefir verið fram staðfest útskrift af í málinu (rskj. nr. 45).

Krafa þessi virðist því ekki hafa verið forgangskrafa samkvæmt b-lið 5. tölulið 83. gr. skiptalaganna frá 12. apríl 1878. En báðir hinir ákærðu Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson hafa haldið fram við rannsókn málsins, að þeir hafi litið svo á, að hér væri um forgangskröfu að ræða, þar eð hún var vinnulaun, og að þeir hafi álitið, að hlutafélagið ætti eignir fyrir forgangskröfum, er umrædd ráðstöfun var gerð. Og þar eð krafa þessi var upphaflega forgangskrafa, þykir að áliti réttarins ekki næg ástæða til þess að telja, að ákærðu hafi verið ljóst eða hlotið að vera ljóst, að hér væri um almenna kröfu að ræða. Og þykir því verða að leggja til grundvallar staðhæfingu hinna ákærðu um, að þeir hafi litið svo á, að um forgangskröfu væri að ræða, og þykir því verða að dæma um þessa ráðstöfun hinna ákærðu eins og um forgangskröfu hefði verið að ræða, og þykir þá rétt að athuga um leið aðra ráðstöfun, sem hinir ákærðu gerðu viðvíkjandi forgangskröfum litlu síðar. En sú ráðstöfun var í því fölgín, að þann 1. apríl 1932 gerðu allir hinir ákærðu f. h. h/f „Freyr“ samning við Hermann nokkurn Benediktsson um greiðslu á vinnulaunum, sem hlutafélagið skuldaði honum o. fl., sem höfðu fengið honum (H. B.) kröfur sínar til innheimtu, að upphæð samtals kr. 8444.74, og virðast kröfur þessar allar hafa verið forgangskröfur samkvæmt b-lið 5. tölulið skiptalaganna. Og útvegaði hlutafélagið ábyrgð útibús Útvegsbanka Íslands hér fyrir greiðslu krafna þessara. En áður en umræddur samningur var gerður hafði þann 12. marz 1932 verið lagt löghald á eignir hlutafélagsins til tryggingar kröfum þessum og höfðað mál á hendur félaginu til greiðslu þeirra. Kröfur þessar voru því næst greiddar að fullu á tímabilinu frá 15. apríl til 1. júlí 1932.

Eins og að framan er drepið á, hafa hinir ákærðu borið.

að þeir hafi talið, að hlutafélagið ætti eignir fyrir forgangskröfum á umræddum tíma, og vitnið Björn P. Kalman, sem var lögfræðilegur ráðunautur hlutafélagsins um tíma um þetta leyti, hefir borið, að hann hafi talið vafalaust, að hlutafélagið ætti eignir fyrir forgangskröfum á umræddum tíma.

Samkvæmt fyrrgreindum efnahagsreikningi pr. 20. marz 1932 eru ógreidd opinber gjöld og vinnulaun, sem félagið skuldaði, kr. 11690.69, auk óborgaðs kaups til fastra starfsmanna félagsins, sem virðist í raun og veru muni hafa verið forgangskröfur, en sem allir hinir ákærðu hafa borið (rskj. nr. 26), að hafi verið eingöngu skuld við hluthafana, ákærðan Kristján Egilsson og Theódór Jónsson, og sem ekki hafi verið litið á sem forgangskröfur, heldur sem almennar kröfur. Aðrar forgangskröfur virðist félagið þá ekki hafa skuldað samkv. nefndum efnahagsreikningi. En á sama tíma voru eignir félagsins samkvæmt sama efnahagsreikningi, sem virðast hafa verið óveðsettar: Vörubirgðir kr. 1180.00, áhöld kr. 6803.41, bifreið kr. 2500.00, óinnheimt verkunarlaun (fyrir fisk) kr. 9620.99, í sjóði kr. 1890.36 og inneign hjá Útvegsbanka Íslands h/f kr. 33.20, eða samtals kr. 22107.96, auk úti-standandi skulda, að upphæð kr. 20444.63, sem munu hafa verið litils virði. En auk þess átti hlutafélagið þá fiskbirgðir, sem eru á nefndum efnahagsreikningi áætlaðar kr. 25294.93, sem virðast að visu hafa verið veðsettar Útvegsbankanum að öllu leyti, en sá veðréttur hefði orðið að vikja fyrir slíkum forgangskröfum sem að framan greinir (vinnulaunum og opinberum gjöldum), ef bú félagsins hefði þá verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Þó sumar framangreindar eignir séu líklega taldar við of háu verði í framangreindum efnahagsreikningi og úti-standandi skuldir líklega mjög litils virði, verður rétturinn þó að líta svo á, að hinir ákærðu hafi ekki haft ástæðu til að ætla annað, en að hlutafélagið ætti óveðsettar eignir fyrir forgangskröfum samkv. 83. gr. skiptalaganna, er framangreindar ráðstafanir voru gerðar, og verður framangreind handveðsetning til Garðars Þorsteinssonar og framangreindar greiðslur hinna ákærðu f. h. hlutafélagsins til Hermanns Benediktssonar o. fl. því þegar af þeirri ástæðu eigi taldar saknæmar.

Í marzmánuði 1932 kom Jón nokkur Jóhannsson frá Siglufirði hingað til Vestmannaeyja og krafði hlutafélagið um skuld samkvæmt 2 vixlum, að upphæð samtals kr. 14000.00, auk vaxta og kostnaðar, eign Guðmundar Björnssonar á Siglufirði. H/f Freyr var útgefandi að vixlum þessum, sem samþykktir voru af Kristni Jónssyni, útgerðarmanni hér í bænum, en ábekingar á vixlum þessum, og því ábyrgir fyrir greiðslu þeirra, voru ákærðir Páll V. G. Kolka og Kristján Egilsson o. fl. En vixlar þessir voru eftirstöðvar kaupverðs vélbáts (v/b Nonni), sem nefndur Kristinn Jónsson hafði keypt af fyrrnefndum Guðmundi Björnssyni í febrúarmánuði 1930 fyrir 24000 krónur, og sem h/f Freyr hafði ábyrgzt greiðslu á á framangreindan hátt, og hafði hlutafélagið fengið veðrétt í vélbát þessum til tryggingar vegna ábyrgðar þessarar, en vélbátur þessi fórst skömmu eftir að Kristinn Jónsson keypti hann, og fékk hlutafélagið þá útborgað váttryggingarfé skipsins, kr. 22000.00, án þess að framangreindar eftirstöðvar kaupverðsins væru greiddar, og var hlutafélagið því í raun og veru orðið aðalskuldari á vixlum þessum.

Nefndur Jón Jóhannsson höfðaði mál gegn hlutafélaginu og hinum öðrum, sem skuldbundnir voru samkvæmt vixlum þessum, til greiðslu vixlanna, eftir umrædda komu sína hingað, í marzmánuði 1932, og fékk dóm fyrir kröfum sínum, og hafa hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson borið, að Jón Jóhannsson hafi hótad að láta taka bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar, ef hann fengi ekki greiðslu á umræddri skuld, en hinir ákærðu sömdu þá við Jón um, að hann fengi bankatryggingu fyrir greiðslu á kr. 7800.00 af umræddum skuldum, gegn því að fá greiðslufrest (óákveðinn, að því er virðist) á eftirstöðvum skuldarinnar, sem þá var, samkvæmt framburði ákærðs Kjartans Guðmundssonar, talin alls kr. 14600.00 með vöxtum og kostnaði, og hefir ákærður Kjartan Guðmundsson og borið, að ákærðir hafi fengið loforð Jóns Jóhannssonar um, að hann skyldi mæla með því við fyrrnefndan eiganda vixlanna, að eftirstöðvar skuldarinnar yrðu gefnar eftir. Útibú Útvegsbankans hér í bænum ábyrgðist gagnvart Jóni Jóhannssyni greiðslu framangreindrar upphæðar fyrir hlutafélagið, en

ákærður Kjartan Guðmundsson seldi f. h. firmans Kjartan Guðmundsson & Co bankanum að handveði framangreint 30000 króna veðskuldabréf sitt með 2. veðrétti í fiskþurrkhúsi h/f Freys og gaf út eigin víxil fyrir upphæðinni, og hefir héraðlútandi handveðsetningarskjal verið lagt fram í málinu, rskj. nr. 56, og er það dags. 20. marz 1932, og virðist því þá hafa verið endanlega gengið frá þessari ráðstöfun. En ábyrgðarskjal bankans til Jóns Jóhannssonar hefir eigi verið lagt fram í málinu, þar eð ekki hefir tekizt að fá það né afrit af því, hvorki hjá bankanum né hjá fyrrnefndum Jóni Jóhannssyni, sem eigi hafa talið það finnast í sínum vörzlum, þrátt fyrir itrekaðar tilraunir, og er því ekki upplýst nákvæmlega um efni þess.

Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að hann hafi fengið yfirlýsingu hinna ákærðu Páls V. G. Kolka og Kristjáns Egilssonar vegna framangreindra skuldbindinga sinna gagnvart Útvegsbankanum viðvikjandi kröfu Jóns Jóhannssonar um, að þeir stæðu í ábyrgð fyrir umræddri skuld, jafnt eftir að umræddir samningar voru gerðir sem áður. Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir og borið, að hann hafi samið við bankann um framangreinda bankaábyrgð til Jóns Jóhannssonar, ásamt hinum ákærðu Páli V. G. Kolka og Kristjáni Egilssyni, en ákærður Kristján Egilsson hefir borið, að hann hafi ekki átt neinn þátt í því að semja við Jón Jóhannsson um kröfu þessa né við bankann um umrædda tryggingu fyrir henni, en hann kveðst ekki hafa haft neitt við það að athuga, að Jón Jóhannsson fengi umrædda tryggingu fyrir kröfu sinni, og kveðst heldur hafa viljað reyna að ná samningum fyrir hönd hlutfélagsins við skuldheimtumenn þess — þar á meðal, að því er virðist, framangreindum samningum við Jón Jóhannsson —, en að hlutfélagið framseldi bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar, en hann (K. E.) hefir borið, að fyrrnefndur Björn P. Kalman hrm., sem ákærðir hafi leitað ráða hjá í sambandi við umrædda kröfu Jóns Jóhannssonar, hafi ráðlagt hinum ákærðu að framselja þá bú félagsins til gjaldþrotaskipta. Ákærður Páll V. G. Kolka hefir borið, að mjög nærri hafi legið, að ákærðir framseldu bú félagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar vegna framangreindrar kröfu Jóns Jóhannssonar, en þá hafi náðst samkomulag við Útvegsbankann um framangreinda ábyrgð, og þó hann

hafi ekki borið nánar um þetta við rannsókn málsins (þ. e. framhaldsrannsókn í Húnavatnssýslu), verður að telja nægilega upplýst, að umrædd ráðstöfun hafi verið gerð með vilja og að tilhlutun hans (P. V. G. K.) og allra hinna ákærðu, og beri þeir því allir ábyrgð á henni, en félagsstjórnarfundarsamþykkt liggur engin fyrir um hana.

Útibú Útvegsbankans hér í bænum greiddi svo Jóni Jóhannssyni (eða Guðmundi Björnssyni) framangreinda fjárhæð vegna hlutafélagsins haustið 1932, samkvæmt framburði fyrrnefnds H. V. Björnssonar, en ekki er upplýst nánar, hve nær það var. Og eftir því, sem upplýst er í málinu, virðist hlutafélagið ekki hafa greitt bankanum umrædda fjárhæð, hvorki áður en greiðslan til Jóns Jóhannssonar fór fram né eftir það. En þó firmað Kjartan Guðmundsson & Co virðist eitt hafa skuldbundið sig beinlínis gagnvart bankanum í sambandi við framangreinda ábyrgð og greiðslu bankans til Jóns Jóhannssonar vegna hlutafélagsins, verður að lita svo á, sem hlutafélagið hafi í raun og veru tekið lán eða útvegað fé hjá bankanum til umræddrar greiðslu, og verður því að álitu réttarins að dæma um þessa ráðstöfun, eins og ákærðir hefðu fyrir hönd hlutafélagsins greitt Jóni Jóhannssyni framangreinda upphæð.

Ákærðir halda eindregið fram, að þeir hafi á umræddum tíma verið búnir að fá loforð fyrrnefnds bankaútibússtjóra um að mæla með því, að bankinn gerði samninga við félagið á framangreindan hátt, og að þeir hafi því álituð, að slíkir samningar mundu nást við bankann og aðra skuldheimtumenn félagsins, og hafi allar ráðstafanir, sem stjórn félagsins gerði f. h. félagsins á árinu 1932, verið miðaðar við það og gerðar í þeirri trú, að slíkir samningar fengjust við alla skuldheimtumenn félagsins.

Eins og að framan greinir, er upplýst í málinu, að fyrrnefndur bankaútibússtjóri mælti með því eftir að hann fékk bréfið á rskj. nr. 27, að hlutafélagið fengi umrædda samninga við bankann um skuldir sínar, og eitthvað virðast ákærðir hafa farið fram á slíkt við bankastjórnann áður, eða snemma á árinu 1932, og því hafa verið vel tekið af honum, en ekki hafa fengið nákvæmar upplýsingar um, hve nær fyrst hafi verið rætt um slíkt milli hinna ákærðu

og bankastjórans, en samkvæmt framburði vitnanna Björns P. Kalmans og H. V. Björnssonar virðist ekkert ákveðið hafa verið samið um þetta við bankastjóran (þ. e., að hann mælti með samningum við hlutafélagið) fyrr en eftir að umrædd ráðstöfun og samningurinn við Hermann Benediktsson var gert, og vitnið Björn P. Kalman hefir borið, að hann hafi eigi talið hafa þýðingu að byrja á samningatilraunum við almenna kröfuhafa fyrr en gengið hefði verið frá samningum við Hermann Benediktsson um framangreindar forgangskröfur. En þar eð útibú Útvegsbankans veitti hlutafélaginu framangreinda aðstoð við að semja við Jón Jóhannsson um kröfu hans, þó gegn fullri tryggingu væri, verður að álita, að ákærðir hafi þá þegar haft ástæðu til að ætla, að útibússtjórinn vildi eigi ganga að hlutafélaginu eða láta taka bú þess til gjaldþrotaskiptameðferðar, en það virðist jafnframt hafa verið öllum aðiljum ljóst, að aðalstjórn nefnds banka í Reykjavík mundi taka hina endanlegu ákvörðun í þessu efni, og allt virðist hafa verið í óvissu um, hvaða afstöðu aðalbankastjórnin mundi taka til þessa, þar til hið neitandi svar hennar við samningaumleitunum hinna ákærðu barst ákærðu í nóvembermánuði 1932. Og auk þess var, að því er virðist og eins og að framan er dregið á, ekkert verulega farið að reyna að semja við aðra skuldheimtumenn félagsins en bankann á umræddum tíma, og virðist því allt hafa verið í óvissu um, hvort samningar fengjust við þá, en samkvæmt framangreindum efnahagsreikningi pr. 20. marz 1932 skuldaði hlutafélagið öðrum skuldheimtumönnum en bankanum óveðtryggðar almennar kröfur að upphæð samtals kr. 52484.53, auk framangreindrar skuldar við fasta starfsmenn félagsins, sem ákærðir hafa, eins og að framan greinir, haldið fram, að taldar hafi verið almennar kröfur. Og eigi getur hinum ákærðu hafa þótt það auka líkurnar fyrir því, að þeir fengju samninga þá, sem þeir óskuðu eftir við skuldheimtumenn sína, að hlutafélagið varð að greiða Jóni Jóhannssyni helminginn af framangreindri kröfu til þess að fá hjá honum gjaldfrest á eftirstöðvum skuldarinnar, án þess að fá nokkurt loforð um eftirgjöf á eftirstöðvunum, heldur hlaut það að veikja trú þeirra á, að samningar tækjust á framangreindum grundvelli, og gera aðstöðuna til þess að ná slíkum sam-

ingum erfiðari. Þá gat það og eigi aukið möguleikana fyrir því, að hlutafélagið næði slíkum samningum við skuldheimtumenn sína almennt, að ákærður Kjartan Guðmundsson framseldi einstökum kröfuhafa (Útvegsbankanum) framangreindan veðrétt firma síns, sem hlýtur að hafa haft mjög mikla þýðingu fyrir allan hag og afkomumöguleika hlutafélagsins, í stað þess að gefa hlutafélaginu sjálfu veðréttinn eftir og láta aflýsa honum, án þess neinn annar kröfuhafi fengi veðrétt þenna eða samskonar veðrétt, eins og eðlilegast hefði verið og líklegast til árangurs sem undirbúningur undir samninga við skuldheimtumenn félagsins.

Þá virðast og framangreindar veðsetningar hlutafélagsins, sem gerðar voru skömmu áður en umræddar samningaumleitanir byrjuðu, hafa hlotið að torvelda mjög og draga úr möguleikum fyrir samningum um skuldir félagsins, en að þeim veðsetningum loknum voru allar fasteignir félagsins bersýnlega veðsettar fyrir eins háum eða hærri skuldum en sannvirði þeirra nam, og átti félagið þá ekki aðrar eignir óveðsettar en framangreint lausafé og útistandandi skuldir. Þá hefir og ákærður Kjartan Guðmundsson borið, að framangreint samkomulag við Útvegsbankann um ábyrgð bankans fyrir skuldinni til Jóns Jóhannssonar hafi verið því skilyrði bundin af hálfu bankans, að bú hlutafélagsins yrði ekki tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar innan ákveðins tíma frá því samið var um þá ábyrgð, og bendir sá framburður ákærðs Kjartans til þess, að gjaldþrot félagsins hafi þá verið talin yfirvofandi.

Rétturinn verður því að líta svo á, að gjaldþrot hafi vofað yfir hlutafélaginu á umræddum tíma og eftir það, þrátt fyrir framangreind meðmæli H. V. Björnssonar bankaútibússtjóra um, að bankinn semdi við hlutafélagið um skuldir þess, og að hinir ákærðu hafi séð eða hlotið að sjá, að svo var, og hafi borið skylda til, þrátt fyrir umræddar samningaumleitanir og engu síður vegna þeirra, að haga ráðstöfunum sínum f. h. félagsins með yfirvofandi gjaldþrot þess fyrir augum. Rétturinn verður því að líta svo á, að allir hinir ákærðu hafi brotið gegn ákvæði 263. gr. hinna almennu hegningarlaga með framangreindri ráðstöfun viðvikjandi kröfu Jóns Jóhannssonar.

Þann 2. apríl 1932 greiddi hlutafélagið Birni P. Kalman hrm. kr. 500.00 fyrir lögfræðistörf í þágu félagsins, að því er virðist, með samþykki allra hinna ákærðu, og hafa allir hinir ákærðu borið, að sú greiðsla hafi verið fyrir aðstoð Björns P. Kalmans viðvikjandi framangreindum samningaumleitunum hlutafélagsins, en Björn P. Kalman hefir borið sem vitni í málinu, að greiðsla þessi hafi verið fyrir aðra lögfræðilega aðstoð, sem hann hafi látið félaginu í té áður en byrjað var á (þ. e. hann byrjaði á) framangreindum samningaumleitunum við bankann. En samkvæmt framburði hans vann hann engin slík störf í þágu félagsins fyrr en um miðjan marz mánuð 1932, og þar sem svo virðist, sem hér hafi verið um nauðsynleg lögfræðisstörf í þágu félagsins að ræða, sem greidd voru samtímis eða að heita má samtímis, þó framburður B. P. K. um þetta sé lagður til grundvallar, og á meðan lögfræðingur þessi enn starfaði í þágu hlutafélagsins, verður ráðstöfun þessi að áliti réttarins eigi talin saknæm.

Þann 8. júní 1932 greiddi þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins, Carl Rosenkjær, útibúi Útvegsbankans hér í bænum kr. 461.53 af fé, sem ekki var á nokkurn hátt veðbundið bankanum, upp í vexti af skuldum hlutafélagsins við bankann, auk þess sem hann greiddi þá bankanum andvirði fiskjar, sem var veðsettur bankanum. En nefndur Carl Rosenkjær hefir borið, að hann hafi innt greiðslu þessa af hendi f. h. hlutafélagsins án þess að bera það undir hina ákærðu, og eigi er sannað í málinu, að greiðsla þessi hafi farið fram fyrir tilstilli hinna ákærðu, og verða þeir því eigi dæmdir til refsingar fyrir hana.

Þann 27. júní 1932 voru nefndu bankaútibúi greiddar af hlutafélaginu upp í vixilskuldir kr. 10755.15 samkv. fundarsamþykkt félagsstjórnarinnar sama dag, og voru allir hinir ákærðu á þeim fundi og samþykkir þessari ráðstöfun samkvæmt útskrift úr fundagerðabók félagsins, sem lögð hefir verið fram í málinu. Fjárhæð þessi virðist, eftir því sem upplýst er í málinu, hafa verið veðbundin bankanum, þ. e. andvirði fiskjar, sem veðsettur var bankanum, nema kr. 3600.00, sem upplýst er í málinu og ákærðir hafa játað, að hafi verið með öllu óveðbundin bankanum. En fyrrnefndur Carl Rosenkjær, sem greiddi bankanum fé þetta, hefir borið, að hann hafi sett það skilyrði fyrir greiðslu-

unni, að hlutafélagið fengi fjárhæð þessa endurgreidda, er samningar fengjust um skuldir félagsins, til greiðslu upp í skuldirnar, samkvæmt slíkum samningum, og hefir fyrrnefndur bankaútibússtjóri viðurkennt við rannsókn málsins, að hann hafi tekið við þessari greiðslu fyrir hönd bankans með nefndu skilyrði, og hefir bankinn talið sig skyldan til að endurgreiða þrotabúi hlutafélagsins upphæð þessa vegna skilyrðis þessa, og verður því að álitu réttarins að líta svo á, að þannig hafi verið gengið frá samningum um greiðslu þessa af þeirra hálfu, að hún geti ekki talizt saknæm, þar á meðal þykir ekki næg ástæða til að líta á ráðstöfun þessa sem tilraun til ívilnunar, sem sé refsiverð samkvæmt 263. gr. sbr. 46. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Viðskipti hlutafélagsins í sambandi við daglegan rekstur á fiskverkunarstöð (þar á meðal fiskþurrkhúsi) félagsins eftir að gjaldþrot félagsins verða að teljast hafa verið ið yfirvofandi geta að álitu réttarins eigi talizt saknæm, og eigi verður talið upplýst um aðrar ráðstafanir en að framan greinir, sem geti talizt saknæmar samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Enginn hinna ákærðu vann neitt að bókhaldi hlutafélagsins, eftir því sem upplýst er í málinu, að öðru en því, að Theódór Jónsson hefir borið, að ákærður Páll V. G. Kolka hafi unnið eitthvað að bókfærslunni fyrstu mánuðina, sem félagið starfaði, og ekki er upplýst um neitt, sem ástæða þykir til að sakfella hina ákærðu í sambandi við bókhald félagsins. Og þar eð mál þetta hefir eigi verið höfðað gegn þeim mönnum, sem önnuðust bókfærslu og reikningshald félagsins aðallega, kemur eigi til athugunar hér, hvort þeir hafi gerzt brotlegir við lög í því starfi sínu eður eigi. Og undanskot fjármuna virðist ekki hafa átt sér stað.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, meðal annars með framangreindri endurskoðun, hafa ákærðir hætt að framlengja vixla hlutafélagsins og yfirleitt stöðvað greiðslur þess með þeim undantekningum, sem að framan er minnst á — þó eigi að því, er snertir rekstur fiskverkunarstöðvarinnar — eftir 13. marz 1932, að samþykkt var á hluthafafundi að fela stjórn félagsins að leita nauðasamninga við skuldheimtumenn þess, en félagið var áður hætt að geta staðið í skilum með greiðslur skulda sinna yfir-

leitt, að því er virðist, eftir því sem upplýst er í málinu, þó ef til vill verði ekki talið um beina greiðslustöðvun að ræða fyrr en þann 13. marz 1932, er framangreind ákvörðun var tekin. En þá var hinum ákærðu orðið ljóst, að hlutfélagið gæti ekki greitt skuldir sínar að fullu, og þá var komið í ljós, að fjárhagur hlutfélagsins hafði versnað síðasta reikningsár, þ. e. árið 1931. Ákærðir voru því þá skyldir til þess, samkv. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 25 frá 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, að framselja bú félagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar. Og þó eðlilegt geti talizt og heimilt, að ákærðir verði einhverjum tíma, eftir að þannig var komið, til þess að reyna að ná samningum um skuldir félagsins við skuldheimtumenn þess, þá verður alls eigi talið, að þeim hafi verið heimilt af þeirri ástæðu að draga að framselja búið til gjaldþrotaskipta svo lengi sem þeir gerðu, enda framseldu þeir ekki búið fyrr en nokkru eftir að bankinn hafði neitað þeim um samninga um skuldir félagsins, en þá virðist hafa verið orðið með öllu vonlaust um, að slíkir samningar næðust um skuldirnar (þ. e. er bankinn hafði neitað um samninga). Og hinir ákærðu virðast aldrei hafa gert neitt beinlínis til þess að ná opinberum nauðasamningum um skuldir félagsins samkvæmt lögum um slíka samninga.

Ákærðu hafa því að álití réttarins brotið gegn framannefndu ákvæði gjaldþrotalaganna.

Árið 1932 var enginn hluthafafundur haldinn í hlutfélaginu, nema framangreindir fundir, sem voru haldnir þann 13. marz og 16. sept. það ár, en engir ársreikningar fyrir félagið voru lagðir fram á þeim fundum, enda voru engir reikningar gerðir fyrir árið 1931, nema framangreint reikningsyfirlit og efnahagsreikningur pr. 31. desember 1931, svo og efnahagsreikningurinn pr. 20. marz 1932, sem má í raun og veru líta á sem efnahagsreikning fyrir árið 1931, en reikningar þessir voru aldrei endurskoðaðir. Hinir ákærðu hafa því að álití réttarins brotið gegn 30. gr. laga um hlutfélag nr. 77 frá 27. júní 1921.

Að framan er lýst því, sem upplýst er í málinu viðvikjandi tapi á fiski þeim, sem h/f Freyr keypti eða yfirtók af firmanu Theódór Jónsson & Kolka, er hlutfélagið var stofnað, og sem eigendur nefnds firma, þar á meðal ákærður Páll V. G. Kolka, greiddu með hlutfé sitt í fé-

laginu að nokkru leyti, eða samtals kr. 12000.00 af hluta-fénu. En þó ýmsar upplýsingar, sem fram eru komnar í málinu, bendi til þess, að verðfall eða tap á fiski þessum hafi verið fyrirsjáanlegt, er hlutafélagið var stofnað, þykir — þar eð ganga þykir verða út frá því, eftir því sem upp-lýst er í málinu, að eigendur firmans hafi lagt nefnda fjár-hæð fram til fiskkaupanna og aðeins lítið af fiskbirgðum þeim, sem firmað upphaflega hafði keypt, hafi verið selt, er hlutafélagið var stofnað, og því ekki þá nein vissa fyrir því, hvað fengist fyrir fiskbirgðir þessar — að álitu rétt-arins ekki næg ástæða til að telja, að ákærðir Páll V. G. Kolka og Kristján Egilsson hafi með því að telja framan-greinda upphæð meðal innborgaðs hlutafjár í tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar um umrætt hlutafélag brotið gegn 53. gr. eða 54. gr. hlutafélagalaganna, og verður því eigi talið upplýst, að ákærðu hafi brotið gegn öðrum ákvæðum hlutafélagalaganna en að framan greinir.

Ákærður Páll V. G. Kolka er kominn yfir lögaldur saka-manna, fæddur 25. janúar 1895. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir, með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviður-væri. Þá ber og samkvæmt 8. gr. 4. mgr. laga nr. 25 frá 14. júní 1929 að svipta hann rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár eftir upp-kvaðningu dóms þessa.

Ákærður Kjartan Guðmundsson er kominn yfir lögald-ur sakamanna, fæddur þann 31. maí 1885. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviður-væri. Þá ber og, samkv. framangreindu ákvæði gjaldþrota-skiptalaganna (8. gr. 4. mgr.) að svipta hann rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærður Kristján Egilsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 27. október 1884. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til fyrir framangreint brot, þykir,

með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin. Og þar eð hann hefir eigi brotið gegn öðrum ákvæðum hegningarlaganna en 263. gr. þeirra, þykir eigi bera að svipta hann rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki samkv. 8. gr. 4. málsg. gjaldprotaskiptalaganna.

Hinir ákærðu Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson greiði að hálfu hvor málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., sem þykja hæfilega ákveðin 100 kr. Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun hins skipaða talsmann síns í málinu, Ástþórs Matthíassonar lögfræðings, sem þykja hæfilega ákveðin 50 kr.

Allan annan kostnað málsins þykir eftir atvikum rétt, að hinir ákærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum).

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en fyrir drætti þeim, sem varð á að lúka rannsókn málsins, er gerð grein í prófunum, og dómur í málinu hefir eigi verið kveðinn upp fyrr en nú vegna anna dómarans.

---

Mánudaginn 6. desember 1937.

Nr. 86/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Ingimundi Jónssyni, Guðvarði Þorkelssyni og Gunnlaugi Sigurbjörnsyni** (Einar B. Guðmundsson).

Áfengislagabrot.

*Dómur lögreluréttar Ólafsfjarðarhrepps 29. apríl 1937:*

Kærðu Ingimundur Jónsson og Gunnlaugur Sigurbjörnsson sæti hvor um sig 500 króna sekt til menningar-